

Málstefna Eyjafjarðarsveitar

1. Leiðarljós og gildissvið

Vandað, skýrt og auðskilið mál, hvort heldur ritað eða talað, er lykilatriði í allri þjónustu og stjórnslu Eyjafjarðarsveitar. Þar er íslenska í öndvegi og skal hún vera til fyrirmyndar í samræmi við þingsályktun um íslenska málstefnu frá 2009 og lög um stöðu íslenskrar tungu. Í sömu lögum er kveðið á um að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og sjá til þess að hún sé notuð.

Allar almennar upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins skulu auk íslensku einnig vera aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins á ensku og öðrum tungumálum eftir því sem við á með aðstoð tungumálavéla.

Í rafrænni þjónustu Eyjafjarðarsveitar skal allt mál vera skýrt og auðskiljanlegt þannig að íbúar geti hæglega nýtt sér hana og lokið erindum sínum.

Málstefna þessi tekur mið af annarri stefnumörkun og skuldbindingu af hálfu Eyjafjarðarsveitar s.s. mannréttindastefnu, þjónustustefnu mannauðsstefnu og skjalastefnu og byggir á grundvallaratriðum þeirra um jafnræði, virðingu, traust, gagnsæi, gott aðgengi að upplýsingum og virkum samskiptum.

Málstefna þessi gildir á öllum starfsstöðvum Eyjafjarðarsveitar. Starfsfólk skal taka mið af henni í störfum sínum og samskiptum. Starfsmenn skulu vanda allt mál í þjónustu og upplýsingamiðlun.

2. Íslenska og önnur tungumál

Starfsfólk Eyjafjarðarsveitar skal nota íslensku í störfum sínum og stjórnslu nema í sérstökum aðstæðum sem krefjast þess að starfsmenn noti önnur tungumál t.d. í boðuðum viðtölum í skólum og félagsþjónustu við fólk með annað móðurmál en íslensku. Auk þess skulu starfsmenn kalla eftir aðkomu túlka þegar nauðsynlega er talin þörf á í samráði við næsta yfirmann. Allar upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins, útgefið efni, fundargerðir og önnur gögn skulu vera á vandaðri, skýrri og auðskiljanlegri íslensku.

Allt efni sem skylt er að upplýsa íbúa og hagsmunaaðila um samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum skal birta á vandaðri og auðskiljanlegri íslensku. Þetta á meðal annars við um skipulagsákvæðanir, grenndarkynningar, auglýsingar, tilkynningar, reglugerðir og aðrar samþykktir.

Íslenska skal vera meginsamskiptamál í þjónustu og vinnuumhverfi starfsstaða Eyjafjarðarsveitar. Þetta gildir líka um viðmót í tölvum, rafrænni þjónustu og helsta notendahugbúnaði á starfsstöðum sveitarfélagsins þar sem því er við komið.

Hjá Eyjafjarðarsveit er litið á margbreytileika mannlífsins og tungumálakunnáttu sem auðlind. Meta skal þekkingu og menntun starfsfólks af erlendum uppruna að verðleikum og veita því aðstoða til að nýta hana samhlíða því að ná góðum tókum á íslensku máli. Starfsfólk sem er í beinum samskiptum við íbúa Eyjafjarðarsveitar, skal hafa grundvallarfærni í íslensku eða eftir atvikum vera að sækja sér þá færni.

3. Aðgengi

Allar upplýsingar um þjónustu Eyjafjarðarsveitar skulu vera á aðgengilegri og auðskiljanlegri íslensku, sem og upplýsingar um stofnanir og þjónustu sveitarfélagsins á ensku. Íbúar skulu hafa greiðan aðgang að þessum upplýsingum á heimasíðu sveitarfélagsins sem og hjá starfsmönnum hverrar starfsstöðvar þannig að allir geti tekið virkan þátt í íbúalýðræði og samfélagsumræðu.

4. Málfar og málnotkun

Sá sem kemur fram fyrir hönd Eyjafjarðarsveitar talar og ritar vandað mál, sýnir vinsemd og virðingu í öllum samskiptum og þjónustu. Á það við um öll tungumál, íslensku sem önnur. Vandað mál er markvisst og í samræmi við málvenjur, í viðeigandi málsniði og ritað í samræmi við gildandi reglur og réttritun.

Starfsfólk skal nota vandaða íslensku í samskiptum og þjónustu og þýða eins og kostur er íslensk fagheiti og hugtök í störfum sínum.

Sá sem skrifar og svarar erindum fyrir hönd Eyjafjarðarsveitar skrifar einfaldan, skýran og hlutlægan texta. Hann forðast gildishlaðin orð, sterk lýsingarorð, flókin fagheiti og skammstafanir. Eyjafjarðarsveit leitast við að bæta íslenskukunnáttu starfsmanna sinna eftir því sem við á með símenntun til að málfar og málnotkun í skriflegum sem og munnlegum samskiptum geti verið til fyrirmyndar. Aðgangur skal vera mögulegur að öllum nauðsynlegum orðabókum og vefsíðum um íslenskt mál og málnotkun.

Eyjafjarðarsveit reynir eftir fremsta megni að efla færni erlendra starfsmanna í íslensku með vönduðu málfari í daglegu starfi sem og að hvetja starfsmenn til að sækja íslenskunámskeið í þeim tilgangi að auka færni sína.

5. Ábyrgð

Sveitarstjórn ber ábyrgð á málstefnu Eyjafjarðarsveitar en stjórnendur stofnana sveitarfélagsins bera ábyrgð á því að framfylgja henni.

Sveitarstjórn skal endurskoða stefnuna við upphaf kjörtímabils. Sveitarstjórn ber einnig ábyrgð á ráðgjöf og eftirliti með góðu málfari á útgefnu efni á vegum sveitarfélagsins.

Allar stofnanir Eyjafjarðarsveitar tileinka sér þessa málstefnu og fylgja henni eftir.

Tillaga að innleiðingu málstefnu Eyjafjarðarsveitar, verkþáttum, tímasetningum og ábyrgðaraðilum.

Sveitarstjóri og forstöðumenn deilda eru helstu talsmenn stefnunnar og fylgja henni eftir. Þeir fylgjast með að útgefið efni sé á skýru og skiljanlegu máli og tryggja aðgang starfsmanna að uppflettiritum á hverri starfsstöð eftir því sem við á.

Forstöðumenn sjá um að kynna málstefnuna á eigin sviðum og skulu þeir sjá til þess að allir starfsmenn hafi fengið kynningu á henni sex mánuðum eftir gildistöku stefnunnar.

Upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins skulu vera tiltækar á heimasíðu sveitarfélagsins á vandaðri og einfaldri íslensku, auk kynningar á ensku og eftir atvikum öðrum tungumálum með aðstoð tungumálavéla á heimasíðunni. Ábyrgðaraðili er sveitarstjóri í samvinnu við forstöðumann hvers sviðs. Upplýsingarnar skulu vera komnar á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar innan árs frá gildistöku stefnunnar. Sveitarstjóri skal einnig tryggja viðmót og aðgengi í upplýsingamiðlun til fólks með sérþarfir og fötlun eftir því sem við á.

Þar sem því verður komið við skal tryggja í samstarfi við tölvuumsjónarmann að tölvuumhverfi alls starfsfólks og annarra notenda tölvuumhverfis sveitarfélagsins geti verið á íslensku s.s. notendaviðmót í algengustu forritum.

Samþykkt í sveitarstjórn 12. október 2023